

# Fundur í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN)

á Borgum á Akureyri  
föstudaginn 4. október 2019, kl. 14-16

Á fundinn á Akureyri mættu neðangreindir fulltrúar í Samvinnunefndinni:

- Hugi Ólafsson, formaður SUMN (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið)
- Níels Einarsson (Stofnun Vilhjálms Stefánssonar)
- Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (Háskólinn á Akureyri)
- Jórunn Harðardóttir (Veðurstofa Íslands)

Þátttakendur í Reykjavík (ZOOM):

- Þorsteinn Gunnarsson (RANNÍS)
- Pia Elísabeth Hansson (fyrir Brynhildi Davíðsdóttur, Háskóla Íslands)
- Sólveig Rósa Ólafsdóttir (Hafrannsóknastofnun)
- Jóna Sólveig Elínardóttir (fyrir Bryndísi Kjartansdóttur, Utanríkisráðuneytinu)

Fjarverandi voru:

- Sigurrós Friðriksdóttir (Umhverfisstofnun)
- Bryndís Kjartansdóttir (Utanríkisráðuneytið)
- Brynhildur Davíðsdóttir (Háskóli Íslands)
- Trausti Baldursson (Náttúrufræðistofnun Íslands)
- Hlynur Óskarsson (Landbúnaðarháskóli Íslands)

Að auki voru á fundinum:

- Jón Haukur Ingimundarson (Stofnun Vilhjálms Stefánssonar)
- Lára Ólafsdóttir (Stofnun Vilhjálms Stefánssonar - fundarritari)
- Gunnar Már Gunnarsson (Háskólinn á Akureyri)
- Tom Barry (CAFF)

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

- Áherslur í opinberu rannsóknastarfi m.t.t. erindrekturs SUMN (Rannís)
- Norðurskautsráðið og formennska Íslands (UTN)
- Fundir íslenskrar sendinefndar með fulltrúum BNA (SVS)
- Vísindavika Norðurslóða mars-apríl 2020 (Rannís)
- Norðurslóðaverkefni Veðurstofu Íslands (VÍ)
- Önnur mál

Hugi Ólafsson setti fundinn og þátttakendur kynntu sig. Langt er síðan fundað var síðast og lýsti Hugi ánægju sinni með aðstöðuna á Borgum og fjarfundabúnaðinn, sem fjórir nýttu sér.

## 1. Áherslur í opinberu rannsóknastarfi m.t.t. erindrekturs SUMN (Rannís)

Hugi sagði að SUMN hefði verið með formlegan erindrektur varðandi norðurslóðaáherslur í rannsóknnum, m.a. með tilvísun í áherslur á loftslagsmál og formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Þorsteinn Gunnarsson hafi verið leiðandi við að móta erindi SUMN. Formleg svör hefðu hins vegar ekki borist þó að bréf hafi verið send þremur ráðherrum.

Þorsteinn Gunnarsson sagði frá stöðunni núna: erindið frá SUMN um sérstaka rannsóknaráætlun í umhverfis- og norðurslóðamálum fór í farveg hjá Vísinda- og tækniráði sem nefndur er Markáætlun um samfélagslegar áskoranir. Útkoman úr samráðinu var að áherslurnar væru: 1) umhverfismál og sjálfbærni, 2) heilsa og velferð, og 3) líf og störf í heimi breytinga. Þessi markáætlun var samþykkt í Vísinda- og tækniráði í nóvember

sl. og ÞG hefur ekkert nánar frétt af málinu, enginn viðmælandi finnst til að ræða við og áætlunin er ekki komin af stað. ÞG finnst rétt að endurvekja þessa umræðu þegar stjórn markáætlunarinnar hefur verið skipuð. Þetta eru ansi víð og almenn markmið og viss vonbrigði að út úr þessu hafi ekki komið rannsóknáætlun.

Ákveðnar tengingar hafa verið á milli RANNÍS og þessa erindis. ÞG sagði frá nokkrum þeirra: Á síðasta ári var samþykkt að stofna loftslagssjóð. Umhverfisráðuneytið fól RANNÍS umsjón sjóðsins. Verið er að vinna handbók fyrir sjóðinn og setja upp umsóknarkerfi. Reiknað með að auglýst verði eftir umsóknum í nóvember eða desember 2019.

Arctic Research and Studies (Nansen sjóðurinn) er tvíhliða sjóður milli Íslands og Noregs. Umsóknir verða auglýstar í næstu viku. Horizon rannsóknaverkefninu er að ljúka, Íslendingar hafa ekki verið nógu duglegir að sækja um.

Sem sagt, nú má segja að það sé „hálfleikur“ í umræðu um markáætlun, en ÞG telur enn tíma til að koma erindi og áherslum SUMN að. Umhverfismálin eru nefnd sem stærsta áskorunin sem Íslendingar standa frammi fyrir (atriði 1 í markáætluninni). GMG benti á þann möguleika að setja Norðurslóðamál sem undirflokk í umhverfisrannsóknum.

Þorsteinn fékk nokkrar spurningar og málin voru rædd. Hugi bætti við að loftslagssjóður hefði verið stofnaður með lögum um loftslagsmál árið 2012, en hefði ekki fengið neina peninga fyrr en nú.

Spurt var um [MOSAIC](#) verkefnið. ÞG sagði að það væri þýskur ísbrjótur sem yrði látinn reka í heimsskautáísnum og stunda rannsóknir. Velt var fyrir sér hvers vegna Íslendingar væru ekki með, en enginn hafði svör við því. NE benti á að ástæðan gæti verið að Íslendingar hefðu enga Norðurslóðarannsóknáætlun, sem kannski túlkast sem áhugaleysi.

Hugi lýsti yfir ánægju með að SUMN hafi lagt sitt til málanna og sent formlegt erindi og vonaði að góð útkoma næðist að lokum hvað varðar áherslur á Norðurslóðir.

## 2. Norðurskautsráðið og formennska Íslands (UTN)

Hugi Ólafsson talaði um [formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu](#), en Bryndís Kjartansdóttir er yfirembættismaður (SAO) fyrir Íslands hönd í þessari vinnu. Jóna Sólveig Elínardóttir (fyrir hennar hönd) sagði að formennskan gengi vel. Hún benti á bæklinginn [Saman til sjálfbærni](#). Lögð er áhersla á hafið, loftslagsmál, grænar lausnir í orkumálum, uppbyggingu sterkra samfélaga á norðurslóðum og að styrkja Norðurskautsráðið. Önnur áhersla er á plast í höfum á norðurslóðum og verður vísindaráðstefna um málið í Reykjavík í apríl 2020 ([Plastics in the Arctic](#)). Grænar orkulausnir felast í samstarfi á sviði veðurrannsókna og miðlun á þekkingu Íslendinga í þeim efnum. Áhersluatriðin eru fleiri, t.d. jafnréttismál, síma- og nettengingar, og aðlögun að breytingum á loftslagi. Reynt verður að auka og bæta samskipti áheyrnaraðila.

ÞG lýsti ánægju sinni yfir þeirri samfellu í rannsóknaráætlun Norðurskautsráðsins, sem Finnar byrjuðu með undir sinni forystu.

NE lýsti ánægju yfir tilnefningu vísindamanna á Norðurskautsráðinu til Friðarverðlauna Nóbels.

Jóna Sólveig sagði frá viðburðum sem verið hafa frá formenskubyrjun í maí sl. September var annasamur mánuður, fundir í fjórum vinnuhópum af sex. Bláa lífhagkerfið er verkefni sem kynnt var undir stjórn Íslands, einnig verður haldið áfram með kynjaverkefni. Í næstu viku verður fundur með efnahagsráði Norðurslóða. Hringborð Norðurslóða ([Arctic Circle](#)) verður í næstu viku, 10.-12. október 2019. Síðar í mánuðinum verður Norðurskautsráðið með hliðaratburð á ráðstefnu í Osló ásamt þátttöku í fleirum fundum. Lögð er áhersla á að hafa fundi í ráðinu um allt land. Eru nú á fullu að skipuleggja plastráðstefnuna í apríl.

Tom Barry benti á að CAFF myndi taka að sér stjórn á alþjóðaverkefni um hvítabirni.

### 3. Fundir íslenskrar sendinefndar með fulltrúum BNA (SVS)

Jón Haukur Ingimundarson sagði frá ferð sendinefndarinnar til Washington DC. [Meridian International Center](#) sá um hópinn (þingmenn og embættismenn) í fjóra daga og fór með á hina ýmsu staði í Washington DC. Hann sagði að lítið hefði verið messað yfir hópnum, heldur hafi málefni ráðið ferðinni. Coast Guard (þar vinna 80.000 manns) var spennandi að heimsækja. [Ocean Conservancy](#) var mjög áhugaverð stofnun, mikið fjallað um hreinsun plasts úr sjónum; þar voru konur í miklum meirihluta á fundinum, öfugt við strandgæsluna. [Wilson Center](#) var heimsótt ásamt Pentagon og fleirum.

Bandaríski vísindasjóðurinn er með fimm ára verkefni (SocioEnvironment Programs) og hvöttu þeir til að skoða vefsíðu NSF (NSF Interagency website) og sækja um styrki.

Pia Hansson benti á að athyglisvert væri að hópnum skyldi vera boðið í þessa heimsókn núna, það væri eitt merki þess hve áhugi Bandaríkjamanna á norðurslóðum væri að aukast.

### 4. Vísindavika Norðurslóða mars-apríl 2020 (Rannís)

Þorsteinn Gunnarsson sagði frá [Vísindavíkunni](#) (Arctic Science Summit Week/ASSW) á Akureyri sem [IASC](#) (International Arctic Science Committee) hefur boðað til dagana 27. mars til 2. apríl 2020. Á undan Vísindavíkunni verður á Akureyri fundur embættismanna norðurslóða (24.-26. mars). Vísindavika hefur verið haldin einu sinni á ári síðan 1999 og er stærsta samkoma vísindamanna á norðurslóðum. Rannís og Háskólinn á Akureyri eru aðalgestgjafar vísindavíkkunnar. Vinnuhópar koma saman eftir ráðstefnuna. Dagana 31. mars - 2. apríl verður einnig ráðstefna um athuganir og vöktun á norðurslóðum ([Arctic Observing Summit/AOS](#)) á Akureyri. Þarna verður fundur til undirbúnings fundar vísindaráðherra í Japan næsta ár, sem Japan og Ísland eru gestgjafar fyrir. ÞG sagði þetta mikilvægan fund fyrir Akureyri, áætlað væri að 1000-1200 manns taki þátt.

Tom Barry benti á að í undirbúningi væri ljósmyndasýning (*Arctic Biodiversity Through the Lens*) í tengslum við Vísindavíkuna. Hann mun senda nefndinni nánari upplýsingar.

### 5. Norðurslóðaverkefni Veðurstofu Íslands (VÍ)

Jórunn Harðardóttir var með stutta kynningu á Veðurstofunni, sem er með 140 starfsmenn víða um land. Hún sýndi glærur sem hún ætlaði að senda nefndinni eftir fundinn.

Jórunn sagði frá verkefnum tengdum formennsku Íslands: 1) Vöktun og líkangerð – Hafið; 2) Netverk og verkefni á Norðurslóðum; 3) Landlíkan af jöklum (dArctic-DEM) (nýjum korti dreift til fundargesta); 4) Vöktun ferskvatnsinnstreymis til Norður-Íshafsins (Arctic-HYCOS).

Jórunn sagði frá ýmsum ráðstefnum sem Veðurstofan tekur þátt í á næstunni, m.a. [Arctic Circle](#) og alþjóðlegri ráðstefnu, [Cryosphere 2020](#) (Cryosphere: International Symposium on Ice, Snow, and Water in a Warming World) sem haldin verður í Reykjavík í september 2020.

Á Veðurstofunni hefur verið tekið eftir gífurlegri vitundarvakningu í sambandi við hörfun jökla og Jórunn sýndi fundargestum myndir eftir Kieran Baxter sem sýna hvernig íslenskir jöklar hafa minnkað.

### 6. Önnur mál

NE bauð fundargestum á minningarfyrrlestur Vilhjálms Stefánssonar á Arctic Circle.

HÓ ræddi næsta fundartíma. Hvatt var til að hann yrði helst fyrir Vísindavíkuna.

Fundi slitið kl. 16:20.

---